



Alþingisráðgjafi

Alþingi
Erindi nr. **P** 136/847
komudagur 12.2.2009

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. febrúar 2009
Tilvísun: 200902-0016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, 280 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, 280 mál.

Í athugasemdum við frumvarpið segir m.a:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði breytingar á stjórnskipulagi Seðlabanka Íslands. Breytingar hafa það að markmiði að tryggja að í bankanum sé starfandi fagleg yfirstjórn og þar með tryggt að faglega sé staðið að ákvarðanatöku við beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum.“

Síðar í greinargerðinni segir:

„Ljóst er að þörf er á verulegri uppstokkun og endurnýjun í yfirstjórn Seðlabanka Íslands eftir þau áföll sem þjóðarbúið og um leið bankinn hefur orðið fyrir á undanförunum mánuðum.“

Þetta er í samræmi við áherslur ASÍ sem koma fram í ályktun ársfundar ASÍ um aðgerðir til að endurheimta fjármálastöðugleika og auka trúverðugleika frá 24.10.2008. Í ályktuninni segir m.a:

„Byggja þarf upp traust á Seðlabanka Íslands og stjórn hans. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja að fagmennsku í stjórn bankans. Taka verður til endurskoðunar hvernig staðið er að ráðningu bankastjóra.“

ASÍ tekur því undir meginatriði frumvarpsins en gerir þó þrjár athugasemdir við frumvarpið:


1. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal seðlabankastjóri hafi lokið meistaraþrófi í hagfræðimikilvægt og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum. Að mati ASÍ er hér um óþarflega þröng menntunarskilyrði að ræða. Eðlilegra er að gera þá kröfu að seðlabankastjóri hafi meistaraþróf í hagfræði eða sambærilega menntun og gera jafnframt þá kröfu að viðkomandi búi yfir viðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum.



2. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins skipar seðlabankastjóri tvo sérfræðinga á sviði peningamála til setu í peningastefnunefnd til þriggja ára í senn að fenginni staðfestingu forsætisráðherra. Aðrir tveir nefndarmenn eru yfirmenn bankans og þar með undirmenn seðlabankastjóra. Til að tryggja betur sjálfstæði þeirra sérfræðinga sem koma utan frá gagnvart seðlabankastjóra er heppilegra að þeir séu skipaðir beint af bankaráði eða ráðherra.
3. Eðlilegt er að gera sömu hæfniskröfur til þeirra sem sitja í peningastefnunefnd og til seðlabankastjóra, þ.e. að viðkomandi hafi meistarapróf í hagfræði eða sambærilega menntun og búi yfir viðtækri reynslu og þekkingu á peningamálum

ASÍ telur afar mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem er um Seðlabankann og yfirstjórn hans sem allra fyrst og telur því mikilvægt að frumvarpið verði að lögum sem fyrst.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ